



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Fosshótel Heklu, föstudaginn 31. mars 2017 kl. 12:30

Setning aðalfundar

Ása Valdís Árnadóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og fagnaði þeirri stöðu sem Markaðsstofan sé komin í. Markaðsstofan er orðinn enn mikilvægari hlekkur en áður í ferðaþjónustunni á Suðurlandi og gegnir orðið lykilhlutverki ásamt öðrum Markaðsstofum landshlutanna í stoðkerfi ferðamála á landinu ásamt Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Þá sé ánægjulegt að sjá að aðildarfyrirtækjum fjölgar og taka þannig þátt í því sameiginlega markaðsstarfi sem markaðsstofan er að sinna fyrir landshlutann. Ása hvatti núverandi aðila að benda öðrum á að taka þátt í þessu samstarfi því með samstarfi og samheldni verði ferðaþjónustan á Suðurlandi sterkari.

Á aðalfundinum fyrir ári var rætt um stöðu Ferðamálasamtaka Suðurlands og farin sú leið í ár að óska eftir framboðum frá aðilum markaðsstofunnar í sæti ferðamálasamtakanna í stjórn. Með þessum breytingum á skipun stjórnar er von núverandi stjórnar að starf markaðsstofunnar færist enn nær grasrótinni, öllum til bóta.

Eitt stærsta verkefni síðasta árs var að vinna markaðsgreiningu fyrir áfangastaðinn Suðurland með Manhattan markaðsráðgjöf. Í skýrslunni er m.a. farið fyrir leiðarljós í markaðssetningu, helstu markhópa og sérstöðu svæðisins. Kynningar á greiningunni hafa farið fram á síðustu misserum og skýrsluna má finna á heimasíðu markaðsstofunnar.

Að lokum greindi Ása frá því að hún gæfi ekki kost á sér áfram í stjórn og þakkaði stjórnarfólki ánægjulegt samstarf, starfsfólki markaðsstofunnar góð störf og Dagnýju fyrir góð kynni og árangursríkt samstarf. Nýrri stjórn óskaði hún velfarnaðar í starfi.

Formaður stjórnar lagði fyrir fundinn að Kristófer Tómasson yrði fundarstjóri og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir fundarritari. Það var samþykkt af fundinum.

Yfirlit ársins og ársreikningur 2016 og verkefna- og fjárhagsáætlun MSS 2017

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir verkefni ársins 2016 og ársreikning. Framkvæmdastjóri kynnti starf MSS og helstu verkefni síðastliðins árs, meðal þess var t.d. aukning stöðugilda, ráðgjöf SASS, markaðsgreining, innra starf, samstarf, samskipti við ferðasala, fjölmiðla og PR skrifstofur og útgáfa. Dagný fer svo yfir helstu niðurstöður markaðgreiningar á áfangastaðnum Suðurlandi. Nokkrar fyrirspurnir bárust um starfsemina sem Dagný svaraði.

Þá var komið að því að kynna ársreikning Markaðsstofu Suðurlands 2016. Á síðastliðnu ári fjölgaði aðildarfyrirtækjum, framlög og styrkir hækkuðu og samstarfssamningur undirritaður við SASS en á móti fjölgaði verkefnum og var einu stöðugildi bætt við. Rekstur MSS á síðastliðnu ári kom út í 1.010.721 kr. halla. Það má skýra með því að tvö verkefni (DMP og Kjarnaveituverkefni), sem MSS tók að sér fyrir Ferðamálastofu, hófust síðla hausts 2016 en tekjur af þeim verkefnum koma ekki inn fyrr en 2017. Engar fyrirspurnir komu frá fundargestum og var hann samþykktur af fundi.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir verkefni og fjárhagsáætlun ársins 2017.

[Hér er hægt að skoða kynningu Dagnýjar.](#)

Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2017- 2018

Sú nýbreytni var nú í ár að óskað var eftir framboðum til stjórnarsetu í MSS fyrir 2017/2018 fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands. Aðeins tveir buðu sig fram sem aðalmenn og einn sem varamaður og voru þeir því sjálfkjörnir.

Það voru þau Bjarni Freyr Báruson og Elfa Dögg Þórðardóttir sem buðu sig fram í stjórn og fengu þau nokkrar mínútur til að kynna sig.

Nýja stjórn skipa:

Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
Gunnar Þorgeirsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrún Helga Guðmundsdóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Bjarni Freyr Báruson – Ferðamálsamtök Suðurlands
Elfa Dögg Þórðardóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Katrín Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
Bjarni Guðmundsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurður Rafn Hilmarsson – Ferðamálasamtök Suðurlands
Anna María Ragnarsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Þrír aðalmenn og einn varamaður eru að láta af störfum í stjórn markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Ása Valdís Árnadóttir – Visit South Iceland ehf (aðalmaður)
Þórður Freyr Sigurðsson – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (aðalmaður)
Magnús Bragason – Ferðamálasamtök Suðurlands (aðalmaður)
Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu (varamaður)

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

[Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings](#)

Skoðunarmenn ársreiknings:

Ása Valdís Árnadóttir

Kristófer Tómasson
Rakel Theodórsdóttir til vara
Gunnsteinn Ómarsson til vara

Önnur mál

Nokkrir fundarmenn óskuðu eftir að fá orðið og ræddu fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskattskerfinu. Lagt var til að fundurinn myndi senda frá sér ályktun. Gert var stutt hlé á fundi og ályktun sett saman.

Ályktunin var lesin upp og fundurinn samþykkti, hún var svohljóðandi:

Aðför að ferðapjónustunni á landsbyggðinni

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands tekur heilshugar undir ályktun félagsfundar SAF frá 30. mars 2017 og mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á virðisaukaskattskerfinu sem munu koma harðast niður á minni fyrirtækjum á landsbyggðinni. Fyrirhugaðar breytingar virðast illa ígrundaðar og munu hafa þau áhrif að draga úr sókn ferðamanna út á landsbyggðina vegna aukins kostnaðar, þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda.

Ályktun SAF:

Verði virðisaukaskattur á ferðapjónustu tvöfaldaður eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa boðað mun það hafa í för með sér grafalvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki og starfsfólk í ferðapjónustu um land allt. Afleiðingarnar verða alvarlegastar fyrir landsbyggðina sem á nú þegar undir högg að sækja þegar kemur að ferðapjónustu.

Mikil gengisstyrking og kostnaðarhækkunir stefna nú þegar afkomu fyrirtækja í greininni í mikla hættu. Með boðuðum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar versnar samkeppnishæfni Íslands til mikilla muna.

Ferðapjónustan er grunnstoð í íslensku atvinnulífi og með óyfirveguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er vegið að framtíðarmöguleikum greinarinnar og íslensku efnahagslífi. Ferðapjónusta er í eðli sínu alþjóðleg atvinnugrein. Íslensk ferðapjónustufyrirtæki starfa því á alþjóðlegum markaði og í samkeppni við erlenda áfangastaði þar sem ferðapjónustan er almennt í lægri þrepum virðisaukaskattskerfisins. Það hefur sýnt sig að þau lönd sem eru t.a.m. með gististaði í efri skattþrepum hafa lotið í lægra haldi í samkeppni við aðra áfangastaði. Tillögur um hækkun á virðisaukaskatti vega þannig alvarlega að samkeppnishæfni Íslands.

Þá lýsa Samtök ferðapjónustunnar yfir miklum vonbrigðum með samráðsleysi stjórnvalda þegar kemur að eins umfangsmiklum breytingum og fyrirhugaðar hækkunir eru. Fjöldmennur félagsfundur Samtaka ferðapjónustunnar skorar á ríkisstjórnina að láta af áformum um hækkun virðisaukaskatts á íslenska ferðapjónustu.

Fundi slitið 13:55

Málþing var haldið að loknum aðalfundi.

Málþing – Er eitthvað að gerast?

- 14:00 Dagný H. Jóhannsdóttir – framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands opnar málþingið og gefur Ásborgu fundarstjórn
- 14:05 Arnheiður Jóhannsdóttir – Markaðsstofa Norðurlands - Hafa landshlutarnir rödd?
- 14:25 Inga Hlín Pálsdóttir - Íslandsstofa – Er ímynd Íslands að breytast?
- 14:45 Þórir Erlingsson – Hvað með menntun? Ný námsleið við Háskólann á Hólum
- 15:00 Kaffihlé
- 15:20 Ýmir Björgvin Arthúrssón – Magical Iceland – Private Gourmet Tours
- 15:40 Sigríður Hulda Jónsdóttir - SHJ Ráðgjöf – Hvaðan kemur gleðin?
- 16:00 Málþingsslit